

Skólaráð Naustaskóla

1. fundur ársins 2015 þann 7. janúar 2015

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Vaka Óttarsdóttir og Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir og Inga Vala Magnúsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Stefna skólans – umhyggja og virðing.** Tekinn fyrir þáttur úr stefnu skólans, að þessu sinni rýnt í stefnuþáttinn „umhyggja og virðing“. Umræður m.a. um framkvæmd agastefnu, umhverfismál o.fl. Einnig gerðar lagfæringar á orðalagi. Formleg umhverfisnefnd er að taka til starfa, þar hefur vantað að foreldri gefi kost á sér en Ása Hlín gaf sig fram í það hlutverk. Bent á að það vanti frekari útfærslu á síðasta viðmiðinu í stefnuþættinum sem snýr að „sjálfbærni í efnahagslegu tilliti“.
- 2. Samræmd próf og læsispróf – niðurstöður.** Kynntar niðurstöður samræmdra prófa í haust og læsisprófa í 1. og 2. bekk. Í heildina tekið eru niðurstöðurnar jákvæðar og gefa vísendingar um framfarir í skólastarfinu. Sem fyrr eru niðurstöður birtar á heimasíðu skólans. Næstu matsniðurstöður sem von er á eru úr nemendakönnun Skólalátsins í janúarlök.
- 3. Námsmat.** Ábendingar um að sumstaðar vanti upp á að nægilega sé merkt við námsmarkmið í námsframvindukerfinu þannig að upplýsingar séu aðgengilegar jafnóðum fyrir foreldra. Stjórnendur munu fara yfir málið og leita eftir að gerð sé bragarbót þar sem þess þarf. Umræður um námsmatsaðferðir yfirleitt og hvort þær séu nægilega fjölbreyttar, tilfinning fundarmanna að það sé tilhneyging hér eins og í mörgum skólum að námsmatsaðferðir gerist einhæfari þegar ofar dregur í aldri og áhersla verði þar of mikil á skrifleg próf og kannanir. Fulltrúar foreldra bentu á að vel hafi verið staðið að upplýsingagjöf í viðtölum í haust en á vanti að þær upplýsingar séu aðgengilegar fyrir foreldra áfram, t.d. væri hægt að líma þær inn í dagbók nemenda þannig að hægt sé að glöggva sig á þeim og rifja upp fyrir næsta viðtal.
- 4. Önnur mál.**
 - a. Dansleikir og sælgætissala fyrir yngsta stig.** Skólaráð hafði áður ákveðið að ekki ætti að selja sælgæti á dansleikjum fyrir yngsta stig en á því varð misbrestur fyrir áramótin. Ákveðið að koma eftirfarandi viðmiðum inn í plögg skólans: Að ekki sé selt sælgæti á dansleikjum fyrir yngsta stig, að það sé ekki meira en eitt ball á önn fyrir þennan aldurshóp og að umsjónarmenn dansleikja gæti vel að því að tónlistarval sé við hæfi aldurshópsins.
 - b. Árshátíð.** Fulltrúar foreldra ítrekuðu þau tilmæli að 4.-5. bekkur taki framvegis þátt í árshátíðinni og að fundnar verði leiðir til þess að helst allir nemendur á unglingsstigi stigi á svið á árshátíð.

Næsti fundur áformaður miðvikudaginn 4. febrúar kl. 15:00 en verður boðaður með dagskrá með viku fyrirvara.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð